

XV. *Um sektir*69  
24. júní

## 32. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja á settum fresti nokkura þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það sektum, frá 5—200 króna, er renna í sveitarsjóð. Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er það henni heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hana lögtaki hjá þeim, er sekur er.

## 33. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. mars 1909.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest og birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1908.

**H. Hafstein.**

*Jón Magnússon.*

## Reglugjörð

70  
26. júní

til bráðabirgða fyrir kennaraskólann í Reykjavík.

## I. kafli.

*Um markmið skólans og skipun.*

## 1. gr.

Það er markmið skólans að veita nemendum bæði almenna mentun og sjermentun í því, sem tilheyrir uppeldi barna og kenslu.

## 2. gr.

Í skólanum eru þrjár ársdeildir og er hann jafnt fyrir konur sem karla.

## II. kafli.

*Um kensluna.*

## 3. gr.

Í skólanum skal kenna: Íslensku, dönsku, sögu, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það sem Ísland snertir, reikning, rúmfræði, skrift, teikning, handavinnu, leikfimi, söng, kristinfræði, uppeldisfræði og kenslufræði, og kensluæfingar.

## 4. gr.

Reglur um það, hverju takmarki kenslunni er ætlað að ná í hverri grein, setur stjórnarráðið síðar.

## III. kafli.

*Um inntöku nemenda og burtför úr skóla.*

## 5. gr.

Skólameistari úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

## 6. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að nemandi, sem tekinn er í neðsta bekk, sje eigi yngi en 18 ára, í miðbekk eigi yngri en 19 ára, og í efsta bekk eigi yngri en 20 ára.
2. Að hann sje ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi, eða öðrum líkamskvilla, sem orðið geti hinum nemendunum skaðvænn, eða geri hann sjálfan óhæfan til að gegna kennarastarfi.

Umsækendur skulu leggja fram vottorð hjeraðlútandi, eins og krafist verður.

3. að siðferði hans sje óspilt.

## 7. gr.

Til þess að verða tekinn í neðsta bekk kennaraskólans, verður nemandinn að ganga undir próf, er sýni að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er hjer segir:

1. Hann verður að hafa þekkingu á kristnum fræðum að minsta kosti eins og nú er heimtað til fermingar.
2. Hann verður að geta lesið íslensku skýrt og áheyrilega, auðvelt, óbundið mál. og geta sýnt að hann skilji efni þess, sem hann les. Hann á að þekkja hinar helstu málfræðilegu hugmyndir og kunna helstu atriði í íslenskri beygingarfræði.

Ennfremur á nemandinn að geta skrifað ritvillulitið, og svo að lesmerki sjeu nokkurnveginn rjett sett, stutta ritgerð um kunnugt efni. 70  
26. júní

3. Nemandi verður að kunna fjórar aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (einnig tugabrot), og hafa leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu lífi.
4. Hann verður að geta lesið dönsku með nokkurnveginn framburði, og hafa farið yfir 100 blaðsíður í 8 blaða broti. Hann skal þekkja hin allra helstu atriði danskrar beygingarfræði, og geta snúið á rjetta dönsku auðveldum setningum daglegs máls.
5. Nemandinn á að hafa numið ágríp af sögu Íslands.
6. Hann verður að hafa nokkra þekkingu á almennri landafræði, og hafa numið nokkurnvegin nákvæma lýsingu Íslands.
7. Hann verður að þekkja allra helstu dýr og jurtir, einkum húsdýrin og gagn-jurtir.

#### 8. gr.

Þeir nemendur, sem óska að setjast í miðbekk skólans *haustið 1908*, skulu ganga undir inntökupróf, er sýni, að þeir, að áliti skólameistara og kennaranna, hafi nauðsynlega undirbúningsmentun til að hafa full not kenslu í öðrum bekk og geta lokið skólanámi á tveim árum, eða sýna vottorð um undirbúningsmentun sína frá skóla, það er stjórnarráðið tekur gilt.

#### 9. gr.

Nemendur, er setið hafa 2 ár í sama bekk, og að þeim loknum reynast óhæfir til að flytjast upp í næsta bekk, skulu þegar fara úr skólanum.

#### 10. gr.

Skólameistari getur um stundarsakir vísað nemendunum úr skóla, ef þeir hafa næman sjúkdóm eða líkamskvilla, er geti orðið hinum nemendunum skaðvænn.

### IV. kafli.

#### *Um kennara skólans.*

#### 11. gr.

Kennarar skólans eru: 1. hinir föstu kennarar: skólameistari, fyrsti og annar kennari; 2. þeir stundakennarar, sem stjórnarráðið skipar.

Skólameistari ber ábyrgð á störfum skólans. Hann skal hafa eftirlit með allri kenslunni, og reglu og aga í skólanum.

**70** Í forföllum skólameistara, eða þegar skólameistaraembættið er laust, er 26. júní sá af kennurum skólans, er stjórnarráðið kveður til þess, skyldur að taka að sjer störf skólameistara gegn þeirri þóknun, er það ákveður.

12. gr.

Stjórnarráðið skipar stundakennara við skólann eftir að hafa leitað álits skólameistara.

13. gr.

Kenslustundafjöldi hinna föstu kennara ákveður stjórnarráðið.

Verja má nokkurum af skyldustundum föstu kennaranna til kenslu í æfingaskóla kennaraskólans.

14. gr.

Skólameistara ber að sjá um að í skólanum sjeu eftirtaldar bækur, og að reglulega sje í þær ritað eftir því, sem fyrir verður mælt: 1. Einkunnabók, 2. prófbók, 3. dagbók, 4. brjefabók, 5. áhaldabók og 6. fundabók.

15. gr.

Skólameistari boðar til kennarafundar, þegar honum þurfa þykir. Á kennarafundi eiga sæti hinir föstu kennarar skólans.

Þegar skólameistara þykir ástæða til, getur hann boðað stundakennara á fund, einkum þá er ræða skal um mál, er snerta störf þeirra.

Skólameistari stýrir kennarafundum; sjeu atkvæði jöfn, ræður hans atkvæði úrslitum.

16. gr.

Kennarafundur úrskurðar um:

1. Uppflutning nemenda úr einum bekk í annan,
2. burtvisun nemenda úr skólanum,
3. bókakaup og áhaldakaup til skólans.

17. gr.

Skólameistari skal leita álits kennarafundar áður en hann gerir tillögu til stjórnarráðsins um:

1. að taka upp nýjar kenslubækur, eða breyta tilhögun kenslunnar,
2. skiftingu kenslugreina milli kennaranna,
3. veiting námstyrks eða annara hlunninda.

18. gr.

Gjörðir kennarafundar skulu ritaðar í gjörðabók, er skal lesin upp og

samþykkt á hverjum fundi. Heimilt er hverjum fundarmanni að fá ágreiningsatkvæði sin færð til bókar.

70  
26. júní

19. gr.

Allir kennarar skólans eiga eftir fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann, og með kenslu sinni og sambúð við nemendur og eftirdæmi sínu leitast við á allan hátt að gera þá sem hæfasta kennara æskulýðsins.

20. gr.

Fatlist kennari frá vinnu sakir sjúkleika eða af öðrum orsökum, ræður skólameistari annan í hans stað alt að mánaðadartíma; sje um lengri tíma að ræða, skipar stjórnarráðið aðstoðarkennara.

V. kafli.

*Um nemendur skólans.*

21. gr.

Nemendur eiga jafnt í kenslustundum sem utan kenslustunda að sýna kennurum sínum virðing og hlýðni.

22. gr.

Nemendur eiga jafnan að koma stundvislega í skólann á tilteknum tíma. Þeir skulu og hafa lokið heimavinnu sinni á tilteknum tíma.

Nemendur, sem sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum geta eigi sótt skólann, eiga samdægurs að senda skólameistara tilkynning um það, en skólameistara ber að grenslast eftir, á hverjum rökum afsakanirnar eru bygðar.

23. gr.

Hegði nemandi sjer ósæmilega í skólanum, eða utan skóla, eða, ef vist hans í skólanum er að álitu skólameistara og kennara skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir, sbr. 10. gr.; en telji kennarafundur nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fult og alt, skal til þess fengið leyfi stjórnarráðsins.

Nemandi, sem vísað hefir verið burt úr skólanum fyrir fult og alt, getur ekki gengið undir kennarapróf nema með sjerstöku leyfi stjórnarráðsins.

24. gr.

Skyldir eru nemendur að hlýða sjerhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki stjórnarráðsins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.

70  
26. júní

25. gr.

Burtfararpróf skólans nefnist kennarapróf. Reglur um það, hvernig því prófi skuli hagað, og hvað til þess þurfi að standast það, setur stjórnarráðið.

## VI. kaflí.

*Um kenslutíma og leyfi.*

26. gr.

Skólaárið byrjar 1. októbermánaðar og endar 30. septembermánaðar.

27. gr.

Á viku hverri skulu í hverjum bekk kennaraskólans vera eigi færri en 36, og eigi fleiri en 38 kenslustundir. Hver kenslustund sje 50 mínútur, en hlje milli kenslustunda 10 mínútur.

Skólameistari semur stundatöflu fyrir hvert skólaár, og leggur hana undir úrskurð stjórnarráðsins.

28. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 24. degi desembermánaðar til 2. dags janúarmánaðar að báðum þessum dögum meðtöldum.
2. Sumarleyfi, er nær frá 1. apríl til 30. september.

Auk þess er skólameistara heimilt að gefa leyfi einn dag, þegar honum þykir sjerstök ástæða til.

*Skifting tímans milli námsgreinanna:*

	1. bekkur.	2. bekkur.	3. bekkur.
Kristin fræði	3	3	3 stundir á viku.
Íslenska	6	6	6 — - —
Danska	4	4	2 — - —
Saga	3	3	2 — - —
Landafræði	3	2	» — - —
Náttúrufræði	4	3	2 — - —
Reikningur	4	3	2 — - —
Skrift	1	»	» — - —
Teiknun	2	2	1 — - —
Handavinna	2	2	2 — - —
	<hr/> 32	<hr/> 28	<hr/> 20

	Flyt	32	28	20	stundir á viku		
Söngur	3	3	3	1	—	-	—
Líkamsæfingar	2	2	2	2	—	-	—
Uppeldisfræði	«	4	4	4	—	-	—
Kensluæfingar	«	«	«	10	—	-	—
Samtals	37	37	37	37	stundir á viku.		

**70**  
26. júní

Í stjórnarráði Íslands 26. júní 1908.

**H. Hafstein.**

*Jón Magnússon.*

## Reglur

**71**  
26. júní

um kensluáhöld fastra heimangöngubarnaskóla.

Til þess að fastur heimangönguskóli geti orðið aðnjótandi landsjósstyrks samkvæmt 23. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 59 frá 22. nóvbr. 1908 um fræðslu barna, verður skólinn að hafa þau kensluáhöld, er hjer segir, eða önnur jafngóð.

### I. Við kristindómskenslu:

1. Julius Kronberg: 10 bifíumyndir (úr N. T.).
2. Frits Roeber: I. Serie. 7 biblíusögumyndir.
3. Roms Kort yfir Palæstinu.

### II. Við náttúrusögukenslu:

1. Alfred Jakobsen: 50 dýramyndir.
2. Eschner: 5 myndir af mannlegum líkama.
3. Poul Steffensen: 12 myndir af lífi aldýranna, ætlaðar einkum til afnota við sýnikenslu (Anskuelsesundervisning).
4. Chr. Nielsen: 4 árstíðir.

### III. Við eðlisfræði:

- a. Segulmagn: 1. Segulstál, 2. Segulnál, 3. Járnsvarf.
- b. Rafmagn: 1. Glerstöng, 2. Ebonistöng, 3. Hyllimergskútur, 4. Galvansbikar, 5. Glóðarlampi, 6. Rafsegull, 7. Rafmagnsklukka, 8. Rafmagnshreyfivjel.
- c. Ljósfræði: 1. Þristrent gler, 2. Stækkunargler, 3. Holspegill.